

Heilsa og lífskjör skólanema í Hafnarfirði í innlendum og alþjóðlegum samanburði

Um er að ræða svokallaða HBSC könnun og hafa þær farið fram á nokkurra ára fresti. Þessi rannsókn er unnin að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og nefnist á ensku Health Behaviour in Schoolaged Children og er skammstafar HBSC. Um er að ræða stærstu rannsóknir samtímans á sviði heilsu og lífstílshegðunar ungs fólks.

Nú er það dr. Ársæll Arnarsson sem sér um íslenska hlutann en hann gerir það fyrir hönd Rannsóknarseturs forvarna sem er hluti af Háskólanum á Akureyri.

Könnunin er frá 2014. Öll löndin í Evrópu leggja fyrir á nákvæmlega sama tíma og svo tekur það nokkra mánuði að skanna inn, hreinsa og búa til alþjóðlega gagnabankann tiltækan.

160 skólar á Íslandi tóku þátt, allir skólarnir í Hafnarfirði. Nemendur í 6., 8. og 10. bekk tóku þátt og alls svöruðu 11019 nemendur á Íslandi. Það eru allir nemendur í skólanum sem svara - þ.e. allir sem eru mættir á fyrirlagningardaginn.

Í þessari skýrslu er Hafnarfjörður skoðaður í samanburði við höfuðborgarsvæðið og meðaltal Íslands en einnig er Ísland borið saman við meðaltöl í Evrópu.

Skólarnir í Hafnarfirði munu síðan fá hvert sitt eintak þar sem staða hvers skóla er borin saman við Hafnarfjarðarmeðaltalið og landsmeðaltalið.

Meginmarkmiðið er að auka þekkingu og skilning á stöðu og lífskjörum ungs fólks í Evrópu.

Geir, maí 2016

Dæmi úr skýrslunni:

Hlutfall 10. bekinga sem drekka gos með sykri á hverjum degi

